

Fundur 21.10.2024 Jarþrúður, prestfrú frá Glæsibæ, var uppi fyrir löngu.

Góða kvöldið, komið þið sæl.

*Góða kvöldið.*

Finnst mér það mikilvægt skref og merkilegt að tala til ykkar og eru það margir hnettirnir sem hafa veitt okkur hjálp og liðsinni.

Og þar sem við fréttum af lífinu fyrir handan, og þar sem orkan er mikil og gróandinn í þjóðlífinu og velmegun fólks og náttúruvar, og laust við mengun og jafnvægi í gróðurfari og dýralífi.

Og hefur okkur mjög skort að tala við ykkur á gömlu jörðinni.

Og eru það margir hnettirnir þar sem enn þá er reynt að tæla okkur til þess að halda áfram á þeirri fornu braut, sem var okkur hættuleg um mjög langt skeið og vil ég af því segja hér í kvöld.

Höfum við nú komist upp úr þeim hjólförum og fyrirgefum þeim sem hafa gert á okkar hlut, og ræktum við jörðina í sátt og samlyndi við aðra sem búa á þessum hnetti.

Og eignumst við heilbrigð samskipti við þá sem búa á öðrum hnöttum.

En höfum við einnig fengið fjölmörg sambönd þar sem fólk úr fortíð okkar, heitir hefndum út af misgjörðum og átökum sem áttu sér stað áður, það er ekki fyrri líf, heldur fyrri jarðvistir.

Hótar hefndum fyrir misgjörðir og átökum sem við áttum í um langt skeið, og það eitrar út frá sér í margar jarðvistir, og ekki hafa allir öðlast sátt á sálinni, eða ekki eru það allir sem lifa í friðsamlegu þjóðfélagi af þeim sem um ræðir.

Og finnst mér það mikilsvert að geta litið á það hlutlausum augum, og hef ég reynt að temja mér það.

Og síðustu tvær jarðvistir mínar hafa verið upp á við, og hef ég lært að temja mér að taka á móti lífgeislum Guðanna og Gyðjanna og þekkingu þeirra og speki, og leggja það til hliðar sem tilheyrði fyrri jarðvistum.

Eru þó eru ýmis óuppgerð mál sem þarfnast úrlausnar og hefur mér þótt dýrmætt að eiga samskipti við vitaborið fólk og réttlátt á öðrum hnöttum sem skilur og veit hvaða skref er rétt að taka í því að koma á réttlæti í þeim málum.

Og varða þau mál sum afkvæmi mín, sem ég hef ekki haft samband við, eða þá óvinir sem ég hef eignast og er það of flókið mál að fara út í.

En mér finnst mikilvægt að nota styrkinn sem ég hef fengið í þessum tveimur jarðvistum, eftir að ég tók heiðna trú, til þess að greiða úr þeim flækjum og leitast eftir réttlæti, og neita því ekki að lífið er efniskennt á öðrum hnöttum.

Eru það ótal margar jarðvistirnar sem ég á að baki, þar sem ég lofaði Drottinn og dýrlinga hans, og áttum við í nágretta erjum og voru það margar jarðvistir.

Það segir svo frá í sögubókum ykkar á jörðinni, þar sem mín er getið, að ég hafi drukknað, en sannleikurinn er sá, að mér var drekkt.

Og hjálpaði það mér ekki að lifa í framlífi, og átti ég eftir nokkrar erfiðar jarðvistir, og komst svo á framfara brautina, og hef lifað friðsamlegu lífni eftir það, að mestu.

Og langar mig að fara í fortíðina og jarðvistina, til þess að komast í rætur mínar.

Það var mér sérlega sárt að deyja burt af jörðinni íslensku, þar sem ég átti mér drauma og ástfangin af prestinum, (og sambandið ekki nógu gott),

Voru næstu jarðvistir, þar sem kristnin var ríkjandi og refsingar harðar, en komst ég svo á framfara brautina.

Var ég á kirkjustað sem síðar lagðist í eyði, og hafði presturinn átt margar eiginkonur og var ég ein þeirra, og hef nú fulla stjórn á lífi mínu og hef góð samskipti við mína fjölskyldu og vini á þessum hnetti.

En það urðu nágranna erjur og bardagi á milli fólks, þar sem ég var á þriðju og fjórðu framlífs jörð og ættarhöfðingjar og stjórnsmál og slíkt sem blandaðist inn í og dró það dilk á eftir sér.

Og mörg framlíf á eftir, ekki nógu björt og komst þó á framfarfa brautina.

Jarprúður, íslensk kona, Glæsibær, hét prestsetrið og drukknaði, og næ ekki að koma þessu í gegn betur.

En ætla ég nú að kveðja ykkur og vona að ég komi þessu betur síðar.

Þakka ég fyrir mig og óska ykkur allra heilla, verið þið sæl.

Gleður mig að komast í sambandið.

*Ég óska þér alls hins besta og þakka þér fyrir,*

Já.

*Þakka þér fyrir komuna og vertu blessuð.*